

**Ed.**

**411. Breytingartillögur**

[147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AG).

1. Við 5. gr. Orðin „og vaxta“ í 2. málgr. falli burt.
2. Við 7. gr.
  - a. Í stað orðanna „en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu“ í A-lið komi: en setja má það skilyrði fyrir láni, að loforð um lánveitingu.
  - b. Tveir fyrstu málslíðir í B-lið orðist svo:

Lánsupphæðin skal nema allt að kr. 310000.00 á hverja íbúð, og breytist upphæðin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma. Lánsupphæðin má þó ekki nema meiru en  $\frac{3}{4}$  hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans.
  - c. Í stað orðanna „en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum“ í fyrsta málslíð C-liðar komi: en greiðast síðan á 25 árum eða skemmri tíma, ef lántakandi óskar þess, með 4% ársvöxtum.
  - d. Næstsíðasti málslíður í C-lið orðist svo:

Hver afborgun skal hækkuð eða lækkuð eftir því, sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu.

*Til vara:*

Aftan við næstsíðasta málslíð C-liðar komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Þó skal heildargreiðsla vaxta og kostnaðar aldrei fara fram úr því, sem hún hefði orðið, ef miðað væri við  $8\frac{1}{4}$ % vexti án vísitöluhækkunar.
3. Við 16. gr. Orðin „eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir“ falli burt.